

Það þýðir auðvitað lítið hér sem oftast, að sakast um orðinn hlut, enda því síður rétt að gera það, þar sem oddviti bæjarstjórnar hefir opinberlega lofað bæjarbúum því, að ráða framvegis ekki til lykta neinum stærri bæjarmálum, eða þeim málum sem leiða til alvarlegra fjárskuldbindinga fyrir bæinn, án umsagnar þeirra og samþykkis. Að visu hefði oddviti aldrei átt að þurfa að lofa þessu, því slíkt var og er skýlaus skylda hans bæði skrifuð og óskrifuð, því eigi ekki að misþyrma þeirri hugsun og þeim rétti almennings, sem þjóð- og stjórnskipulag vort byggist á og telur sér til gildis fram yfir annað skipulag, verður lýðræðið að vera meira en á pappírnum. Mentunar- og menningarásigkomulag okkar litla þjóðfélags og bæjarfélags er líka þannig, að fyrir því má heita að hverfi aðalgalli lýðræðisins, sem oft getur verið nokkur réttlætning á því þó vissir sérstaklega framúrskarandi menn — sem hér eru ekki til — gerist nokkru einráðari en skipulagið ætlast til. Þá heyrir það víst fremur til undantekninganna, að sveitar- og bæjarstjórnarstörf séu sérlega hátt virt eða vel þökkuð, jafnvel hversu vel sem unnin eru, og borgunarverð þykja þau alls ekki ekki ennþá, hversu mikið sem fyrir þeim er haft!! svo hlutadeigandi fulltrúum ætti sist að vera það metnaðar- eða kappsmál að ganga framhjá kjósendum, heldur þvert á móti eðlilegast að þeir hefðu þá reglu, að leita umsagnar þeirra og atkvæðis í hinum stærri málum, þegar því yrði við komið án mikils kostnaðar eða óþæginda. Slíkir fundir, sem til sveita, þrátt fyrir

strjálbylíð, eru ákveðnir minst einu sinni á ári, og sem mjög þægilegt væri að koma á í okkar litlu kaupstöðum og kaupunum, væri hin rétta framkvæmd á lýðstjórnarskipulagi, enda myndu brátt verða hin öflugasta lýðstýng almenns félagslegs þroska.

Framh.

## Slys.

Á leið Gullfoss núna frá Reykjavík vildi til það hörmulega slys, að þegar skipið var að sigla inn Steingrímsfjörð í góðu veðri, féll timburmaður skipsins fyrir borð og varð ekki bjargað.

Hafði slys þetta atvikast þannig að maðurinn var eitthvað að gera að »tröppunni« og hafði staðið út á smápalli þeim er liggur upp af tröppunni, en pallurinn bilað og maðurinn fallið í sjóinn. Hafði skipið verið á fullri ferð og því skiljanlega nokkur aðdragandi að björgun en mannum skotið upp aðeins einu sinni og það rétt augnablik.

## Vikan.

**Tíðin.** Báða Páskadagana var indælasta veður og síðan hafa verið hægviðri með nokkurri fannkomu á milli, en allt af frostvægt og í gær alveg frostlaust.

**Skip.** »Sterling« kom hér í gær á leið til Rvíkur vestur um land og hafði hér mjög skamma viðdvöl. Með skipinu fór hédan kaupmaður Þormóður Eyólfsson snögga ferð til Rvíkur.

»Gullfoss« var væntanlegur hingað í morgun frá Akureyri, en nú fréttist, að hann hafi brugðið sér til Húsavíkur og kemur því tepast hingað fyr en í kvöld eða fyrramálið.

Hrognkelsavéiði er hér alt af dágóð.

Athygli skal vakin á tilkynningum bæjarfógeta hér í blaðinu í dag.

Kirkjan. Messað á morgun kl 1. e. h.

## Nóbelsverðl. Wilsons.

Hann Wilson sat á sófanum í sínu Hvíta-húsi og var að rýna' í reifara í »Fram« og »Daily-News«. Inn til hans kom Austanpóstur íra-meður-fári og sagði: »Væni Wilson minn, nú varð þér fyrir ári.

Austan kem eg alla leið frá öldnu Noregs landi og á að skila kærri kveðju með kossi og handabandi og sjáðu hvað þeir senda þér og settu í mína tösku — nei, farðu ekki' að ygla þig, það er ekki sprútt í flösku.

Karl í snatri braut upp bréf: »Beztí Wilson góði! Hér færðu nú þín friðarlaun úr frægum Nóbels-sjóði.« »Þökk sé Nóbel« þá hann kvað, »þetta' er s æ m d að þiggja, og þetta kom sér þremill vel — eg þurfti að fara að byggja!«

Í bankann strax hann lagði leið, sem leysa' inn átti tjekkinn, undir gullið greip hann með sér gríðarstóran sekkinn. En Wilson brá er bankapjónninn brosti og sagði ei stærra: »Það tuttugu dollars getur gilt — gengið er ei hærra!«

## Heiðruðu kaupendur.

Með því að ritstjóri og afgreiðslumaður blaðsins Sophus A. Blöndal hefir sagt af sér afgreiðslu þess bæði innan bæjar og utan frá s. l. mánaðamótum en við henni tekið herra verslunarstjóri Sophus Árnason, eru allir kaupendur blaðsins vinsamlega beðnir að snúa sér hér eftir til hans með allt sem að afgreiðslu þess lýtur.

## Káputauðið

sem áður kostaði 12.75 meter verður nú selt fyrir 8.75 meter.

10% afsláttur á allri vefnaðarvöru, versl. Sig. Sigurðssonar.

## Danvél 4 hesta

er til sölu, ennfremur varastykki úr annari vél 4 hesta.

Sophus Árnason.

Steinhissa hann stundi við og starði á bankapjónninn. En hann var bara að gera grin og glotti — herjans dóninn. Svo keypti 'ann nokkrar náttskyrturn og nikkelhnapp »að framan.« — Af Nóbels eftir átta cent hann átti' er taldi 'hann saman.

Lauslega þýtt úr dönsku blaði.

216

Eg var nú lítið að hugsa um þetta skipbrot eins og á stóð og vék því aftur að efninu.

»Eg skyldi vera yður mjög þakklátur, lávarður minn, ef þér vilduð auðsýna mér þá líkn að létta af mér þessari sálarangist og segja mér, hvað þér hafið í hyggju að gera við mig.« sagði eg.

Honum varð lítið út til skipsins einu sinni enn, en síðan vék hann sér svo hastarlega að mér, að eg hélt að hann væri bálreiður. Það var hann líka þó að sú reiði næði ekki til mín heldur væri gremja embættismannsins út af því að lenda í flækjum og vafningum óviðkomandi manna.

»Heyrið þér nú,« sagði hann og tók gríðarlega í nefið. »Það er eitt atvik, sem mælir með yður og gerir mig yður góðviljadan þrátt fyrir allt. Þér björguðu lífi dóttur minnar, en þér hafið ekki minnst á það einu orði í sambandi við þetta.«

»Eg hefi að visu verið dæmdur fyrir morð,« sagði eg, »en þar sem eg er nú saklaus af því, þá sé eg ekki hvað ætti að vera því til hindrunar að eg héldi áfram að vera heiðarlegur maður.«

Mér mundi hafa þótt þessi stóryrði hlægileg ef öðruvísi hefði staðið á, en þau höfðu þá verkun á forsætisráðherrann, að nú fór hann að blóta.

»Það vildi eg skrattinn sækti yður,« sagði hann og tútnaði í framan. »Þér hafið komið mér í dálaglega klípu, en takið þér nú eftir því, sem eg ætla að segja. Vitanlega get eg ekki, stöðu minnar vegna, haldið hlífiskildi fyrir strokufanga og eg skal sjá svo um, að réttir hlutadeigendur fái að vita, hvar þér eruð niður kominn. En sökum þess að þér björguðu dóttir minni úr lífs-hásku, þá skal eg ekkert aðhafast í einn sólarhring, ef vera kynni að ungfrú Chilmark kæmi á þeim tíma með einhverjar nýjungar, sem komið gæti yður að gagni.«

Þetta var þó ætíð tilslökun, sem eg var honum þakklátur fyrir. Svo varð mér lítið út um gluggann og sá þá að gufubát-

213

hvenær Ralph Carden mundi geta fært mér einhverjar fregnir, en þá heyrði eg, að barið var á gluggann hvað eftir annað. Carden hafði haft miklu lægra um sig kvöldið áður og var þá trúlegt að hann færi enn varlegar um hádaginn og eins hafði Pétur Croal gert alt öðruvísi vart við sig. Mér flaug í huga, hvort það kynni að vera Herzog, kominn aftur með Janet og sannanirnar fyrir sakleysi mínu og kærði sig því ekkert um að fara neitt varlega, en svo gat þessi barsmið líka þýtt það, að nú væri úti um allt og að þetta væri lögreglan eða fangavörðurinn.

Ef svo skyldi vera, þá var ekki til neins að hyggja á flótta eða mótvörn. Eg hleypti því gluggatjaldinu upp með þeirri innilegu ósk, að úr þessu rættist einhverjum veginn, en sá þá hvorki Herzog né heldur réttarins þjóna.

Maður sá, er vildi fá að komast inn, var Alphington lávarður — sami maðurinn, sem mér hafði verið skipað að fyrirkomast. Hann stóð þar keikur og karlmannlegur og var helzt að sjá bæði alvöru og ópolinmæði á svip hans, en slíkt þótti mér ekki góðs viti. Eg skildi nú hvernig í öllu lá. Ungfrú Múrfel hafði gefið mig föður sínum á vald, en eftir því sem Herzog fórust orð, þá var það sama sem að varpa mér í ljónagryfju. Vegna stöðu sinnar hlaut hann að ráðast á mig og tæta mig sundur ögn fyrir ögn.

Eg opnaði svo gluggann og hleypti honum inn og var ekki eins hugdeigur nú, þegar komið var út í það versta og ekkert undanfæri lengur.

»Á eg að kalla yður herra Martein eða Rivington kaptein?« spurði forsætisráðherrann um leið og hann kom inn í stofuna og leit í kringum sig.

»Hefir yður verið sagt, að eg væri strokufanginn Rivington?« »Jú, svo hefir dóttir mín sagt mér og raunar ýmislegt fleira, sem virðist harla ótrúlegt.«

»Mér skal vænt um þykja að geta staðfest frásögn ungrú